

## Fundargerð fræðsluráðs

161. fundur fræðsluráðs miðvikudaginn 3. júní kl. 15 í fundarsal ráðhússins.

Fundinn sátu:

Magnús Magnússon formaður, G. Kristín Ólafsdóttir varaformaður, Sigrún Waage aðalmaður, Ingibjörg Auðunsdóttir aðalmaður og Þorsteinn Guðmundsson varamaður.

Fundarritari: Esther Hermannsdóttir

Dagskrá:

1. Guðrún Lára Magnúsdóttir skólastjóri leikskólans Ásgarðs mætir á fundinn kl. 15. Skóladagatal 2015-2016.
2. Elínborg Sigurgeirsdóttir skólastjóri tónlistarskólans mætir á fundinn 15:15. Starfsumhverfi tónlistarskólans veturinn 2015-2016.
3. Sigurður Þór Ágústsson skólastjóri grunnskólans mætir á fundinn kl. 15:45. Erindi Mennta- og menningarmálaráðuneytisins vegna fjölda skóladaga.
4. Önnur mál.
  1. Guðrún Lára Magnúsdóttir skólastjóri leikskólans mætir á fundinn. Skóladagatal rætt. Árvissst haustþing leikskólakennara sem vera átti 2. okt. hefur verið fellt niður, þetta hefur þær breytingar í för með sér að starfsdagar í leikskólanum færast til. Haustþing leikskólakennara verður hér eftir annað hvert ár. Það lítur út fyrir að nemendur leikskólans verði 36 í haust. Fræðsluráð samþykkir skóladagatal leikskólans samhljóða. Guðrúnu Láru þökkun koma á fundinn.
  2. Elínborg Sigurgeirsdóttir skólastjóri tónlistarskólans mætir á fundinn. Hluti tónlistarkennslu sem var í grunnskólanum veturinn 2014-2015 verður færður í húsnæði tónlistarskólans í Sóllandi á næsta skólaári, þar sem ekki fékkst fjármagn til að framkvæma nauðsynlegar breytingar á aðstöðu tónlistarkennslunnar í grunnskólanum. Fræðsluráð leggur til við sveitarstjórn að sveitarstjórn hafi í huga við næstu fjárhagsáætlun nauðsynlegar endurbætur á aðstöðu tónlistarskólans í grunnskólanum og fari að íhuga alvarlega framtíðaraðstöðu fyrir tónlistarskólann. Elínborgu þökkun koma á fundinn.
  3. Sigurður Ágústsson skólastjóri grunnskólans og Laura Ann Howser fulltrúi kennara mæta á fundinn. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur óskað eftir upplýsingum um skipulag skólahalds með tilliti til fjölda skóladaga, vegna fyrirspurnar sem ráðuneytinu barst. Sigurður skólastjóri fór yfir málið, hann gerði grein fyrir því að kennslustundafjöldi væri yfir viðmiðunarmörkum þó svo að skóladagar væru undir 180. Þetta var á sínum tíma ákveðið í samræmi við 28. gr. laga um grunnskóla nr 91/2008 þar sem heimilt er að víkja tímabundið frá vikulegum lágmarks kennslutíma skv. 2. mgr. Svo fremi sem

nemendum sé bættur upp kennslustundafjöldi innan sama skólaárs. Á þessum rökstuðningi má sjá að kennsluskylda er uppfyllt. Skólastjóri gerði grein fyrir því að undirbúningur skóladagatala hefði verið unninn í samráði við foreldrafélag, nemendaráð, skólaráð, fræðsluráð, kennarafund, byggðaráð og sveitarstjórn en engar athugasemdir bárust í þeirri undirbúningsvinnu. Dagatalið var m.a. sent til allra foreldra og þeim gefinn kostur á að gera athugasemdir. Auk þess bendir ráðuneytið sjálft í bréfi til skólastjóra á þann sveigjanleika sem skilgreindur er í greinargerð með grunnskólafrumvarpinu að ef allir aðilar skólasamfélagsins séu sammála því að ljúka árlegu lögbundnu skólalaldi á færri dögum og dreifa verkefnum á aðra daga skólaársins, þá gerir ráðuneytið ekki athugasemd fyrir sitt leyti við það fyrirkomulag, enda sé það aldrei ákveðið nema til eins árs í senn.

Fræðsluráð undrast athugasemdir ráðuneytisins þar sem fræðsluráð síðasta kjötímabils vísaði skóladagatali til ráðuneytisins til umsagnar og fékk það svar að ráðuneytið gæti ekki ályktað um skóladagatal einstakra skóla. Fræðsluráð meðtekur rök skólastjóra og gerir ekki athugasemdir við þegar samþykkt skóladagatal. Sigurði Þór og Lauru Ann Þökkuð koma á fundinn.

4. Önnur mál. Formaður fræðsluráðs fór aðalfund Farskóla Norðurlands vestra fyrir hönd Húnaþings vestra sem haldinn var á Sauðárkróki 13. maí. Formaður gerði stuttlega grein fyrir fundinum.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð upplasin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 17:15

---

Magnús Magnússon

---

Esther Hermannsdóttir

---

G. Kristín Ólafsdóttir

---

Sigrún Waage

---

Ingibjörg Auðunsdóttir

